



Þéttbýlisuppdráttur mkv. 1:10.000




Gildandi skipulag




Breytt skipulag

Sveitarfélagsuppdráttur mkv. 1:50.000



Gildandi skipulag



Breytt skipulag

# Breyting á aðalskipulagi landnotkun á Hauganesi

— Mörk skipulagssvæðis

## LANDNOTKUN

- Béttbýli, béttbýlismörk
- Ibúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Landbúnaðarsvæði L1
- Landbúnaðarsvæði L2
- Landbúnaðarsvæði, sérákvæði
- Frístundabyggð
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Blönduð landnotkun
- Efnistökusvæði
- Merking landnotkunarreita
- Landfyllingar
- Dælustöð fráveitu

## TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði: Fólkvangur, friðland
- Svæði á Náttúrumjínaskrá
- Vatnsverndarsvæði  
Brunnsvæði  
Grannsvæði  
Fjarsvæði
- Fornminjar
- Fornminjar, minjasvæði
- Fornminjar, Sveitarlangur
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

## SAMGÖNGUKERFI

- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengivegur / tengibraut
- Aðrir vegir / safngata
- .... Aðal göngu- og hjólastígar
- .... Megin útvistarstígur
- ... Reiðleid
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA**
- Rafveita, loftlína
- .... Rafveita, flutningslína, helgunarsvæði
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr.  
skipulagslaða nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar  
þann 6.7.2022



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann  
7.11.2022



## AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020



### BREYTING Landnotkun á Hauganesi Blað 1/5

Umhverfis- og tækniðið  
Dalvíkurbyggðar

Mælikvarði 1:10.000, 1:50.000, A3

**TEKNISTOFA  
ARKITEKTA**

GYLFI GUDJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar fai

KÁUPANGI VIMÝRARVEG SKOLAVÖREUSTIG 3  
601 AKUREYRI SIMI 461 5518 101 REVKJAVÍK  
NETFANG: teknista@teknista.is SIMI 552 8740 VEFFANG: www.teknista.is

10.10.2022

28.6.2022

14.2.2022

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt á eftirfarandi hátt. Breytingin á við landnotkun á Hauganesi og þéttbýlismörk þar. Minni háttar lagfæringer voru gerðar á tillögunni í júní 2022 eftir auglýsingu.

## Breytingar á þéttbýlisupprætti Hauganess

- Hafnarsvæði 751-H er stækkað til vesturs og norðurs. Gert verður ráð fyrir nýum verbúðum. *Mörkum breytt lítillega eftir auglýsingu.*
- Íbúðarsvæði vestan og sunnan hafnarsvæðisins (753-Íb) er fellt út
- Afmarkað er afþreyingar- og ferðamannasvæði 753-AF. *Mörkum breytt eftir auglýsingu til samræmis við breytingar á deiliskipulagstillögu vegna athugasemda.*
- Mörk íbúðarsvæðis 752-Íb eru lagfærð.

  - Sandvík, sem nú er innan hafnarsvæðis, verður hluti íbúðarsvæðis 752-Íb.

- Opið svæði 754-O, íþróttasvæði, er minnkað.
- Mörkum svæðis 755-Íb fyrir sjávarlóðir norðan núverandi byggðar er breytt lítillega. Suðurhluti svæðisins verður innan marka nýs deiliskipulags.
- Aðalgata 2 verður verslunar- og þjónustusvæði í stað íbúðarbyggðar (756-V).
- Afmarkað er svæði fyrir skólpdælustöð innan hafnarsvæðis.
- Þéttbýlismörkum Hauganess er breytt.

## Breyting á sveitarfélagsupprætti

Þéttbýlismörkum Hauganess er breytt til samræmis við breytt mörk landnotkunarreita á þéttbýlisupprætti og verður svæði innan þeirra 34,2 ha í stað 37,5 ha.

## Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á megincontexta greinargerðar. Breytingar eru gerðar á töflum/skilmálum eftirtalinna landnotkunarreita í viðkomandi köflum:

**4.3 Íbúðarsvæði, 4.6 Verslunar- og þjónustusvæði, 4.9 Hafnarsvæði og 4.14 Opin svæði til sérstakra nota.**

Svæði 753 er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði. Sá landnotkunarflokkur var tekinn upp með breytingu á aðalskipulagi vegna íþróttasvæðis á Dalvík sem staðfest var 26. júní 2018. Um landnotkun á afþreyingar- og ferðamannasvæðum gilda almenn ákvæði í i) lið greinar 6.2 í skipulagsreglugerð 90/2013. Í deiliskipulag verður áhersla á að nýta lóðir innan núverandi byggðar (752-Íb) í stað stækkunar íbúðarsvæðisins til vesturs.

## Gildandi skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
751-H	1,4	Hafnarsvæðið á Hauganesi.	Hafnsækin starfsemi.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.
752-Íb	9,6	Hauganes: Núverandi íbúðabyggð.	Nokkrar lóðir óbyggðar við núverandi gatnakerfi og við nýjar götur vestan byggðar skv. gildandi skipulagi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Hefðbundin einbýlishúsabyggð. Húsagerðir, stærðir og hlutföll taki mið af þeirri byggð sem fyrir er á svæðinu. 6-8 íb/ha.
753-Íb	3,8	Hauganes: Með ströndinni til suðurs.	Óbyggt land, ræktuð tún. Óskipulagt en skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi 1991.	Einbýlishús. 6-8 íb/ha.
754-O	4,0	Útvistarsvæði á Hauganesi.	Útvistarsvæði og leiksvæði.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
755-Íb	9,3	Hauganes: Sjávarlóðir norðan Hauganess.	Óbyggt land, ræktuð tún.	Stórar sjávarlóðir. Einbýlishús. 1-1,5 íb/ha.

## Breytt skipulag:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
751-H	1,9	Hafnarsvæðið á Hauganesi.	Hafnsækin starfsemi.	Uppbygging samkvæmt deiliskipulagi.
752-Íb	10,1	Hauganes: Núverandi íbúðabyggð.	Nokkrar lóðir óbyggðar við núverandi gatnakerfi og við nýjar götur vestan byggðar skv. gildandi skipulagi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Hefðbundin einbýlishúsabyggð. Húsagerðir, stærðir og hlutföll taki mið af þeirri byggð sem fyrir er á svæðinu. 6-8 íb/ha.
753-AF	2,3	Hauganes: Suðvestan byggðar að sjó.	Á svæðinu er tjaldsvæði og útvistaraðstaða.	Tjaldsvæði, útvistaraðstaða og ferðapjónusta. Uppbygging og notkun skilgreind í deiliskipulagi.
754-O	2,3	Útvistarsvæði á Hauganesi.	Útvistarsvæði og leiksvæði.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
755-Íb	9,8	Hauganes: Sjávarlóðir norðan Hauganess.	Óbyggt land, ræktuð tún.	Stórar sjávarlóðir. Einbýlishús. Þéttleiki og yfirbragð ákvæðað í deiliskipulagi.
756-V	0,1	Aðalgata 2	Núverandi veitingahús.	Verslun og þjónusta. Byggingarmagn ákvæðað í deiliskipulagi.



# AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020

Umhverfis- og teknisvið  
Dalvíkurbyggðar

28.6.2022  
14.2.2022

Dags. 6.7.'22 FJS

## BREYTING Landnotkun á Hauganesi

Blað 2/5

Dags. 7.11.'22 [Signature]

**TEKNISTOFA  
ARKITEKTA**

GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar fai

KAUPANGI VIMYRARVEG SKOLAVÖREUSTIG 2  
EGI AKUREYRI 101 REYKJAVÍK  
SÍMV 46-5108 SÍMF 552 6740  
NETTFLANG: zrr@teknista.is VEFTFLANG: www.teknista.is

## Umhverfisskýrsla

Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar fellur undir ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Breytingin felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í 1. viðauka laganna. Breytingin er utan verndarsvæða og nær ekki til sérstakra jarðmyndana eða vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar.

Breytingin á annars vegar við afmörkun þegar skilgreindra svæða og hins vegar breytta landnotkun þar sem í stað íbúðarbyggðar kemur afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar skal a.m.k. koma fram:

- yfirlit yfir efni viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð
- lysing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar þar sem lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa út frá skilgreindum viðmiðum
- lysing og mat raunhæfра valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosts
- lysingu á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun, eftir því sem við á samantekt á skýru og auðskiljanlegu máli á upplýsingum í a-d-lið
- nánari upplýsingar sem tilgreindar eru í reglugerð um efni umhverfismatsskýrslu

### Yfirlit

Sjá blað 2.


### Forsendur

#### MANNFJÖLDI OG HÚSNÆÐISMÁL


Í ársbyrjun 2021 bjuggu 105 manns á Hauganesi. Kynjahlutfall er tiltölulega jafnt, 52% karlar og 48% konur. Talsverðar breytingar hafa verið undanfarna two áratugi, bæði á íbúafjölda og aldursdreifingu. Frá 2001 hefur íbúum fækkað um 32% á Hauganesi en um tæp 9% í sveitarfélagitnu öllu.

Í skipulagslysingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Dalvíkurbyggðar, sem nú stendur yfir, er miðað við að íbúafjöldi í sveitarfélagitnu verði frá 1.800 manns miðað við áframhaldandi fækkun upp í um 2050 íbúa miðað við að fylgja landsmeðaltali. Eða með öðrum orðum um 1.915 +/- 140.


Reiknað er með að meðalstærð heimila haldi áfram að minnka. Ef miðað er við efri mörk framreiðnings íbúafjölda í Dalvíkurbyggð og að um 2,4 íbúar verði að meðaltali í hverri íbúð verður þörf fyrir um 150 nýjar íbúðir í sveitarfélagitnu öllu fram til ársins 2031. Ef hins vegar verður áframhaldandi fólksfækkun sbr. neðri mörk framreiðninga verður ekki þörf fyrir fleiri íbúðir þrátt fyrir minnkandi meðalfjölskyldustærð.



Mynd 1: Íbúafjöldi á Hauganesi 2001-2021.



Mynd 2: Aldursskipting á Hauganesi 2011



Mynd 3: Aldursskipting á Hauganesi 2021

Miklar breytingar hafa orðið á aldursskiptingu á Hauganesi þar sem hlutfall barna og ungmenna hefur lækkað allverulega. Um aldamót var tæplega helmingur íbúanna undir tvítugu en í ársbyrjun 2021 var hlutfallið komið niður í 13%. Þarna skipta félagslegar aðstæður eflaust einhverju máli s.s. aðgengi að leik- og grunnskóla, félagsstarfsemi, verslun og annarri þjónustu.



AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR  
2008-2020

Umhverfis- og teknisvið  
Dalvíkurbyggðar

28.6.2022  
14.2.2022

Dags. 6.7.22 EIS

BREYTING  
Landnotkun á Hauganesi

Blað 3/5

Dags. 7.11.22

TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA

GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar fai

KAUPANGI V MYRARVEG SKOLAVÖREUSTIG 2  
EGO AKUREYRI SMI 461 SELB 101 REYKJAVÍK  
NETFANG: arnir@tei-raf.is SMI 552 8740  
VERFTANG: www.tei-raf.is

Í fámenndri byggð skiptir hver einstaklingur máli og ekki þarf margt fólk til þess að breyta hlutfallstöllum verulega. Hlutfallstölur í 105 manna samfélagi eru því mjög grófar en gefa samt sterkar vísbendingar.

#### MEGINMARKMIÐ Í AÐALSKIPULAGI

- Bæjarstjórn leggur áherslu á fjölbreyttu búsetukosti, og að þróun byggðar í sveitarfélagini öllu endurspeglí bestu eiginleika hvers staðar.
- Ávallt verði nægt framboð byggingarlóða, bæði fyrir íbúðarhús og hvers kyns atvinnu-húsnæði.
- Gerð og framboð íbúðarlóða skal taka mið af sérkennum og einkennum hvers staðar eftir því sem kostur er. Þannig verði gefinn kostur á íbúðarbyggð með öðrum eiginleikum en byggðin á Dalvík hefur.

Hauganes:

- Á Hauganesi verði gert ráð fyrir tiltölulega stórum íbúðarlóðum meðfram ströndinni.

#### FORSENDUR BREYTINGA

Íbúðarsvæði 753-Íb í landi Selár er langt umfram þörf fyrir nýjar íbúðarlóðir á Hauganesi. Auk þess hefur á norðurhluta svæðisins þróast önnur landnotkun, sem nú verður fest í sessi með gerð deiliskipulags og aðalskipulagsbreytingu. Mörkum svæði 753 er því breytt og notkun þess verður afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Mörkum hafnarsvæði 756-H er breytt til þess að gefa kost á byggingu verbúða, þ.e. aðstöðu í landi fyrir smábátaútgerð. Annars vegar verður um að ræða litlar verbúðir við Sandvík og hins vegar stærri hús norður af núverandi hafnarsvæði.

#### Tengsl við aðra áætlanagerð

##### SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARDAR 2012-2024

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest 7. október 2013. Það nær til allra sveitarfélaga við Eyjafjörð en þau eru Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandahreppur og Grýtubakkahreppur. Skipulagið nær einkum til eftirfarandi málaflokka:

- Byggðaþróun og byggðamynstur
- Landnotkun
- Samgöngu- og þjónustukerfi
- Takmörkun á landnotkun

Eftirtalin markmið svæðisskipulagsins um byggðaþróun og byggðamynstur skipta máli fyrir breytingu þessa á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar:

- Stefnt er að góðum búsetuskilyrðum og fjölbreyttum búsetukostum á skipulagssvæðinu.
- Stefnt er að hagkvæmu byggðamynstri.
- Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra þéttbýlisstaða.
- Eyjafjörður skal vera eitt atvinnusvæði.

Með skipulagi Hauganess með ákveðinni þettingu byggðar, raunhæfum uppbyggingarkostum ásamt forsendum fyrir uppbyggingu atvinnustarfsemi í ferðaþjónustu er stutt við það markmið svæðisskipulagsins að halda nýrra íbúðarbyggð innan núverandi þéttbýlisstaða.

#### LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Í landsskipulagsstefnu eru markmið og áherslur sem varða almannahagsmuni, byggðaþróun og landnotkun á landsvísu. Tveir flokkar stefnunnar eiga við aðalskipulag Dalvíkurbyggðar, þ.e. skipulag í dreifbýli og búsetumynstur og dreifing byggðar (kaflanúmer eru úr landsskipulagsstefnu):

##### 2.4 Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og umhverfi

Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.

Á Hauganesi verður þróuð áfram sú ferðaþjónusta, sem þar hefur byggst upp á undanförnum árum og byggist á atvinnulífi, hafnaraðstöðu og staðháttum.

##### 3 Búsetumynstur og dreifing byggðar

Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og sambættu skipulagi byggðar og samgangna.

Með aukinni byggð og starfsemi á Hauganesi eflast forsendur fyrir bættum almennings-samgöngum.

##### 3.2 Sjálfbært skipulag þéttbýlis

Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannyttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.

##### 3.3 Gæði hins byggða umhverfis

Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.



# AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020

Umhverfis- og teknisvið  
Dalvíkurbyggðar

28.6.2022  
14.2.2022

Dags. 6.7.22 Eis

## BREYTING Landnotkun á Hauganesi

Blað 4/5

Dags. 7.11.22

**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**

GYLFÍ GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.

arkitektar fai

KAUPANGI VÍMYRARVEG 101 REYKJAVÍK  
ECO AKUREYRI  
SÍMI 461 5618  
NETTANG: [zinn@teik-na.is](mailto:zinn@teik-na.is)  
VERFTANG: [www.teik-na.is](http://www.teik-na.is)

#### 3.4 Samkeppnishæf samfélög og atvinnulífs

Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs.

Ofantalin markmið landsskipulagsstefnu verða höfð að leiðarljósi við deiliskipulag Hauganess. Áformaðar skipulagsáætlanir fyrir Hauges stýðja við landsskipulagsstefnu á sama hátt og þær stýðja stefnu svæðisskipulags Eyjafjarðar.

#### AÐGERÐAÁÆTLUN Í LOFTSLAGSMÁLUM

Meginmarkmið aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum. Meðal aðgerða í áætluninni sem eiga við stefnumótun um landnotkun í Dalvíkurbyggð eru:

- Innviðir fyrir rafhjól og reiðhjól.
- Rafvæðing hafna.
- Efling nýskógræktar til kolefnisbindingar.
- Hertar takmarkanir á framræslu votlendis og átak í endurheimt.
- Samstarf við sauðfjárbændur um kolefnisbindingu.

Búseta á Haugesi hefur í för með sér bílaumferð vegna allrar þjónustu og aðdrátta.

Uppbygging atvinnustarfsemi á svæðinu er æskileg til þess að gefa kost á góðum tengslum atvinnu og búsetu.

#### Líkleg umhverfisáhrif af framkvæmd áætlunarinnar

Breytingin styður markmið aðalskipulagsins um fjölbreytt og framsækið atvinnulíf, sem byggist á sértöðu svæðisins m.m. og er talin geta haft jákvæð áhrif á atvinnulíf á Haugesi.

Samkvæmt 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 skal í umhverfismati greina, lýsa og meta, með tilliti til viðkomandi framkvæmdar eða áætlunar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirtalda umhverfisþætti:

- a) íbúa og heilbrigði manna,
  - Breytingin hefur engin áhrif á heilbrigði eða öryggi íbúa.
- b) líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar,
  - Breytingin hefur engin áhrif á líffræðilega fjölbreytni eða tegundir og búsvæði, sem njóta verndar. *Sjá kafla um breytingar/lagfæringar eftir auglýsingu.*
- c) land, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag,
  - Breytingin hefur óveruleg áhrif á land og landslag, jarðveg, vatn loft og loftslag. Ekki er eðlismunur á áhrifum af framfylgd breyts skipulags og óbreytts.
- d) efnisleg verðmæti og menningarminjar,

- Breytingin hefur áhrif á stöðu og nýtingu nokkurra eigna, sem haft getur jákvæð áhrif á verðmæti þeirra. Ekki er vitað um fornminjar á svæðinu.
- e) næmi framkvæmdar eða áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,
  - Breytingin hefur ekki í för með sér aukna áhættu vegna slysa eða náttúruhamfara.
  - f) samspil þeirra þáttu sem taldir eru upp í a-e-lið.

Sveitarstjórn telur með hliðsjón af ofangreindum atriðum að breytingin hafi óveruleg umhverfisáhrif. Breytingin á við byggð þar sem áhrif uppbyggingar eru fyrirséð og þekkt og í meginatriðum í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir.

#### Raunhæfir valkostir

Deiliskipulag Hauganess og aðalskipulagsbreyting þessi byggist annars vegar þá þeirri starfsemi, sem hefur þróast á svæðinu undanfarin ár, og hins vegar á því að kostur verði gefinn á betri aðstöðu fyrir útgerð smábáta en nú er. Nálægð við strönd og höfn skiptir máli í báðum tilvikum og því ekki um aðra raunhæfa skipulagskoti að ræða nema uppbyggingu verði beint á aðra staði.

#### Mótvægisáðgerðir og vöktun

EKKI er talin þörf á sérstökum viðbúnaði, mótvægisáðgerðum eða vöktun vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra fylgist með þeirri starfsemi, sem er starfsleyfisskyld og starfsemi, sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt t.d. með lykt eða annarri mengun. Hafa ber samráð við Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda sem haft geta áhrif á skráða minjastaði. Vöktun vegna reksturs nýrra fyrirtækja og framkvæmda verður ákveðin í áhrifamati viðkomandi framkvæmdar eða rekstrar eftir því sem við á.

Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar fylgist með þeim þáttum, sem áhrif hafa á þróun samfélagsins s.s. um íbúaþróun, þróun byggðar og þróun og samsetningu atvinnulífs.

Sveitarstjórn tekur mið af markmiðum um umhverfismál og bæjarumhverfi í aðalskipulagi og umhverfisstefnu við framfylgd skipulagsmála svo og við mat og afgreiðslu framkvæmdaáforma og skipulagsbreytinga.

#### Samantekt (Á ekki við í svo umfangslitlu verkefni).

#### Breytingar/lagfæringar eftir auglýsingu

Vegna ábendingar Umhverfisstofnunar um vistgerðir (starungsmýrvist og snarrótarvist), sem eru á lista yfir vistgerðir sem þarfust verndar, er mörkum landnotkunarreits 753-AF breytt þannig að jaðrar svæðisins verða óbyggt svæði. Það tryggir jafnframt fjarlægð milli tjaldsvæðis og næstu íbúðarlóða eins og gert var ráð fyrir í deiliskipulagstillögu.



# AÐALSKIPULAG DALVÍKURBYGGÐAR 2008-2020

Umhverfis- og teknisvið  
Dalvíkurbyggðar

28.6.2022  
14.2.2022

Dags. 6.7.22 EIS

BREYTING  
Landnotkun á Haugesi

Blað 5/5

Dags. 7.11.22 [Signature]

TEKNISTOFA  
ARKITEKTA

GYLFÍ GUDJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar fai

KALPANGI VIMYRARVEG SKOLAVÖRUSTIG 3  
600 AKUREYRI 101 REYKJAVÍK  
SÍMI 461 5568 SÍMI 552 8740  
NETFLANG: zrni@teknista.is VEFTFLANG: www.teknista.is